

1. Lestur og ritun

Læsi

Læsi er samofið menningu okkar og byrjar að þróast strax í æsku í gegnum samskipti og upplifun af heiminum í kringum okkur. Í Aðalnámskrá leik- og grunnskóla er læsi nefnt sem einn af grunnþáttum menntunar og ef það er skoðað út frá víðum skilningi má segja að það sé félagsfræðilegt hugtak sem felur í sér að geta tekið þátt í samfélaginu með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Í Aðalnámskránni er læsi skilgreint á eftirfarandi hátt:

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 17; Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011, bls. 19).

Læsi er hægt að skilgreina út frá ólíkum sjónarhornum og því er það í raun nokkuð margslungið hugtak. Þó oft sé það fyrst tengt við umskráningarferli lestrar, þ.e. hæfnin til að þekkja stafi og hljóð og í kjölfar að tengja saman stafatáknin og hljóðmyndir til að geta lesið texta. En þótt það sé sannarlega mikilvægur þáttur þá felur hugtakið í sér flóknari skilgreiningu. Ef lesturinn á að vera til gagns er nauðsynlegt að geta lagt skilning á það sem lesið er, túlkað það og miðlað áfram þekkingu sinni.

Hugtakið læsi felur því í sér bæði tæknilega færni og skilning, þ.e. færnin til að þekkja stafi og hljóð og geta lesið texta með því að tengja saman bókstafi og hljóðmyndir og þannig geta lesið ritað mál og skilið það. Læsiskennsla þarf því að fela í sér fjölbreytta vinnu þar sem unnið er með mál, samskipti og miðlun.